

FUNDARGERÐ

SKJALALYKILL	VERKHEITI	
7852-002-FUN-005-V01	Svæðisskipulag Suðurlandis	
DAGS. / TÍMI FUNDAR	VERKKAUPI	
02.02.2021	SASS	
NR. FUNDAR	FUNDAREFNI	
05	<ol style="list-style-type: none"> Niðurstaða fundar með Skipulagsstofnun Skipun stjórnar og ritara Starfsreglur Staða vinnunnar Vistun gagna á Teams Sérfræðisamantektir Sérfræðihópur Fundaáætlun til vors 	
FUNDARGERÐ	FUNDARBOÐARI	FUNDARSTAÐUR
IS /AKH 02.02.2021	SASS	Fjarfundur
FUNDARMENN	FYRIRTÆKI	
Ari Björn Thorarensen, Helgi Sigurður Haraldsson	Árborg	
Ásta Begga Ólafsdóttir, Egill Sigurðsson	Ásahreppur	
Valgerður Sævarsdóttir	Bláskógabyggð	
Rósa Matthíasdóttir	Flóahreppur	
Guðmundur Úlfar Gíslason	Rangárþing eystra	
Björgvin Skafti Bjarnason, Ingvar Hjálmarsson	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Björn Kristinn Pálmarsson, Ása Valdís Árnadóttir	Grímsnes- og Grafningshreppur	
Halldóra Hjörleifsdóttir, Jón Bjarnason	Hrunamannahreppur	
George Frumuselu, Einar Freyr Elínarson	Mýrdalshreppur	
Jóna Björk Jónsdóttir	Skaftárhreppur	
Haraldur Birgir Haraldsson, Ágúst Sigurðsson	Rangárþing ytra	
Vígfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi	UTU	
Bjarni Guðmundsson,	SASS	
Helgi Kjartansson, Eva Björk Harðardóttir, Anton Kári Halldórsson	Verkefnastjórn	
Gísli Gíslason, Ingibjörg Sveinsdóttir, Ragnhildur Gunnarsdóttir	Verkfræðistofan EFLA	
DREIFING	FYRIRTÆKI	
Bjarni Guðmundsson	SASS	

Starfsreglur nefndarinnar. Bréf til Skipulagsstofnunar. Drög að verk- og kostnaðaráætlun. Skipulagslýsing.

16.03.2021 kl. 13.00

1. Niðurstaða fundar með Skipulagsstofnun

Eva Björg fór yfir tilurð verkefnisins og fund með Skipulagsstofnun. M.a. að hugmyndir um þjóðgarð ættu ekki að trufla vinnu við svæðisskipulagið. Passa að vera ekki of nákvæm í vinnunni svo skipulagið verði ekki til trafala og ekki taka of mikið mið af eldra svæðisskipulagi.

Góður og jákvæður fundur.

2. Skipun stjórnar og ritara

Skipa þarf formann, varaformann og ritara, þ.e. verkefnastjórn.

Tillaga um að Helgi Kjartansson verði formaður verkefnastjórnar, Eva Björk Harðardóttir varaformaður og Anton Kári Halldórsson ritari.

3. Starfsreglur

Fundarmenn samþykkja að starfsreglur svæðisskipulagsnefndar, eins og þær liggja fyrir, verði sendar til Skipulagsstofnunar til samþykktar.

4. Staða vinnunnar

Farið yfir verkáætlun og vinnuáætlun. Fyrstu drög að stefnumörkun og umhverfisskýrslu liggja fyrir í desember 2021. Svæðisskipulagið verði staðfest haustið 2023.

Skipulagslýsing verður send til allra sveitarstjórna til samþykktar skv. gr. 3.2.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Fjallað lítillega um hvað skipulagslýsing er og ferli hennar. Tæpt á helstu áhersluatriðum í vinnunni sem eru; ferðapjónusta, samgöngur, verndarsvæði og orkuvinnsla.

5. Vistun gagna á Teams

Búið er að stofna hóp á Teams fyrir vinnuhópinn. Þar eru fundargerðir frá fundum á síðasta ári og ný mappa fyrir fundi árið 2021. Einnig verða útbúnar möppur fyrir hvern fund og fundargögn sett þar inn. Gögn verða sett inn nokkrum dögum fyrir fundi.

Gagnvirkur uppdráttur verður áfram á netinu og slóð á hann aðgengileg í spjallinu á Teams.

6. Sérfræðisamantektir

Landslag og landslagsgreining. Greint frá fyrirliggjandi gögnum og að stefnt er að því að vinna þau nákvæmar eftir því sem tiltæk grunngögn leyfa.

Víðerni. Mismunandi möguleikar á afmörkun víðerna. Ekki endilega sjálfgefið að öll mannvirki skerði víðerni í 5 km fjarlægð skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Gerðar hafa verið aðrar afmarkanir á víðernum t.d. þar sem minni skálar skerða víðerni mjög lítið.

Auðlindir. Hefur lítið verið skoðað. Er t.d. orkuvinnsla skv. rammaáætlun. Á að horfa á vindorku í þessu samhengi?

Umræður

Landsskipulagsstefna gerir ekki ráð fyrir að mörkuð verði stefna um vindorku. Þarf að skoða vel hvort þetta verður með eða hvort mörkuð verði almenn stefna um vindorku, t.d. hvar hún verði ekki heimiluð.

Loftslagsmálin mikilvæg og þarf að hafa þau í huga við mörkun stefnu og mat á áhrifum af stefnunni.

7. Sérfræðihópur

Nokkrir sérfræðingar verði fengnir til að rýna mismunandi þætti svæðisskipulagsins. Fáum þá uppbyggilega gagnrýni á stefnuna. Hugsað að láta rýna náttúrufarið, landslagsgreininguna og ferðapjónustuna.

Umræður

Oftast til gagns að fá rýni frá öðrum. Einfaldast að stjórnin handvelji þá einstaklinga og leggi tillögu fyrir næsta fund. Mætti líka leita til tiltekinna stofnana og fá tilnefningu frá þeim.

Verkefnastjórnin leggst yfir þetta og kemur með tillögu fyrir næsta fund.

8. Fundaáætlun til vors

Rætt var um hvenær dagsins er heppilegast að funda? Dagsetningar funda.

Skiptar skoðanir um hvernær dagsins, þó innan vinnutíma.

Rætt um möguleika á staðarfundum í minni hópum í lok mars. Hitta stjórnendur hvers sveitarfélags, kynna verkefnið og fara yfir ákveðin verkefni eða hugmyndir sem hafa komið fram hingað til. Ekki mikil stemming fyrir því þar sem fólk er enn að takmarka hverja það hittir.

Verkefnastjórn sendir út hugmyndir að dagsetningum og tímasetningum funda fram á sumar.